

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 25. júní 2009 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Framkvæmdir

a) Tilboð í vatnsveitu

Fyrir fundinum lá samningur um lagningu 730 m stofnæðar vatnsveitu sveitarfélagsins. Verkið var boðið út í lokuðu útboði til þriggja aðila og búrúst tvö tilboð á opunardeg. Tilboð sem búrúst voru yfir kostnaðaráætlun en boð frá Sorphreinsun VH var lægra. Kostnaðaráætlun vegna verksins var 4.632.500 kr. en samningur við Sorphreinsun VH hljóðar upp á 4.967.906 kr. Samningurinn var samþykktur.

b) Túnbraut 9 - endurbætur

Vegna fyrirspurnar um lausnir á utanhússfrágangi og viðgerðum á eigninni lá fyrir fundinum kostnaðaráætlanir vegna utanhússklæðningar. Annarsvegar múrklæðningar og hins vegar klæðningar með búrústáli og steniklæðningu. Einnig lá fyrir samningur við Trésmiðju Helga Gunnarssonar um að gera við húsið og mála það án sérstakrar klæðningar. Sveitarstjórn ræddi málið og bar saman fyrrgreinda valkosti. Samþykkt að halda fyrri áætlun um verklag og jafnframt að gera samning við verkfræðistofuna Stoð um eftirlit með verkinu.

2. Erindi Norðurár bs.

Fyrir fundinum lá erindi stjórnar Norðurár bs. þar sem eftirfarandi tillaga er lögð til við aðildarsveitarfélög Norðurár bs.:

„Aðildarsveitarfélög Norðurár bs. samþykkja að ráðist verði í gerð urðunarstaðar að Sölvabakka á forsendum þeirra gagna sem lögð eru fram á eigendafundi Norðurár bs. 15. júní 2009. Jafnframt samþykkja sveitarfélögin að ábyrgjast þær lántökur sem þarf að afla vegna stofnkostnaðar við gerð urðunarstaðarins. Með samþykkt um að ráðist verði í verkefnið staðfestist leigusamningur um land til urðunar að Sölvabakka sem ein af forsendum þess.“

Sveitarstjórn samþykkti tillögu Norðurár bs. en gerði fyrirvara um fyrirliggjandi rekstraráætlun og óskaði eftir að fyrir verði lagður samningur um rekstrarform Norðurár bs.

3. Samningur um sorphirðu og rekstur gámastæðis

Fyrir fundinum lágu drög að verksamningi milli Sorphreinsunar Vilhelms Harðarsonar og sveitarfélagsins sem var áður til umfjöllunar á fundi 20. maí sl. Sveitarstjórn ræddi samningsdrögin og gerði á þeim nokkrar breytingar en samþykkti síðan fyrirliggjandi samning með áorðnum breytingum.

4. Bréf:

a) Spákonuvarfs v/Árness, dags. 28. maí 2009

Adolf lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið vegna vensla við stjórnendur Spákonuvarfs og vék af fundi.

Með bréfinu er óskað eftir viðræðum við sveitarfélagið um afnot af Árnesi árið 2009. Hugmynd að notkun hússins er að þar verði rekin spástofa og unnið að því að halda sögu Þórdísar spákonu á lofti.

Samþykkt að auglýsa eftir hugmyndum / tillögum að notkun hússins og taka erindi Spákonuvarfs fyrir í framhaldi af því ásamt öðrum hugmyndum sem fram kunna að koma.

b) Menntamálaráðuneytis, dags. 15. júní 2009

Með bréfinu er tilkynnt um undirbúning viðbragðsáætlana vegna inflúensufaraldurs og að skólum verði sendar nánari leiðbeiningar um gerð slíkra áætlana.

Bréfið var til kynningar.

c) Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 11. júní 2009

Í bréfinu er fjallað um undanþágu frá gassöfnun á urðunarstöðum fyrir úrgang og undanþága vegna endurnýjunar starfsleyfis. Sveitarstjóri lagði fram drög að bréfi til umhverfisráðherra þar sem sótt er um undanþágu frá starfsleyfi meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu og jafnframt undanþágu frá söfnun hauggass á urðunarstaðnum að Neðri Harrastöðum.

d) Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 27. maí 2009

Með bréfinu er kynnt ályktun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til vegalaga. Í ályktuninni er lögð áhersla á að sveitarfélög sem ekki telja sig örugg um fullnægjandi fjármögnun, gangi ekki frá samningum við Vegagerðina um yfirtöku á veghaldi þjóðvega í þéttbýli.

Bréfið var til kynningar.

e) Samgönguráðuneytis, dags. 28. maí 2009

Með bréfinu er tilkynnt um að Ríkistjórn Íslands hafi samþykkt að hrinda af stað tilraunaverkefni um rafrænar kosningar að hluta eða að öllu leyti í tveimur sveitarfélögum í sveitarstjórnarkosningum sem verða í maí 2010.

Bréfið var til kynningar.

f) Styrktarsjóðs EBÍ, dags. 28. maí 2009

Eignarhald Brunabótafélags Íslands ritar bréfið til að kynna styrktarsjóð EBÍ og ítreka að umsóknir um styrki til verkefna skulu vera vegna sérstakra framfaraverkefna á vegum sveitarfélaganna. Úr styrktarsjóðnum verður úthlutað 4 milljónum og umsóknir skulu hafa borist fyrir ágústlok.

Bréfið var til kynningar.

5. Fundargerðir:

a) Fræðslunefndar 22.06.09

Fundargerðin var samþykkt.

b) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 9.06.09

Fundargerðin var samþykkt.

c) Tómsunda- og menningarmálanefndar, 11.06.09

Fundargerðin var samþykkt.

d) Samvinnunefndar um svæðisskipulag, 3.06.09

Fundargerðin var til kynningar.

e) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 26.05.09

Fundargerðin var til kynningar.

f) Stjórnar Norðurár bs. 4.06.09.

Fundargerðin var til kynningar.

g) Skipulags og byggingarnefndar (7. dagskrárliður, 13.05.09)

Sveitarstjórn tók sérstaklega til umfjöllunar 7. dagskrárlið fundargerðar skipulags- og byggingarnefndar frá 13. maí sl. þar sem fjallað er um heimild til að rífa síldarþrær við Hafnarlóð 9. Fyrir fundinum lá minnisblað sem sveitarstjóri skrifaði eftir fund með fulltrúa eiganda þar sem fjallað var um hvernig yrði staðið að niðurrifi og frágangi ef heimilað verður að rífa eignina.

Sveitarstjórn staðfesti samþykki skipulags- og byggingarnefndar um heimild til að rífa eignina að uppfylltum skilyrðum sem fram koma í fyrrgreindu minnisblaði.

h) Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún, 22.06.09

Fundargerðin var til kynningar.

6. Önnur mál

Umræður urðu um akstur torfærumótorhjóla.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11⁴⁰

Adolf H. Berndsen
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Halldór G. Ólafsson
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)